Vegna hinna gífurlegu hækkana á bensíni má búast við minni akstri og að aukin áhersla verði lögð á kaup sparneytnari bifreiða, og er við það miðað í tölum yfir meðalnotkun.

1.1.2. Þungaskattur (fskj. 1.1.2.—01).

Við áætlun um tekjur af þungaskatti er byggt á skiptingu bifreiða í undirflokkka eftir eigin þyngd og gerð hreyfils. Tekjur af árgjaldi eru reiknaðar út sér annarsveggar fyrir diesilbifreiðar og hinsveggar fyrir bensínbifreiðar. Tekið er tillit til þess að reiknaðar tekjur af þungaskatti reynast ætíð hærri en rauntekjur og eru afföll áætluð 23.7%. Við áætlun um tekjur af km-gjaldi er byggt á athugunum, sem Vegagerð ríkisins lét gera á meðalakstri þeirra bifreiða, sem greiða þungaskatt skv. km-gjaldi.

1.1.3. Gúmmígjald (fskj. 1.1.3.—01).

Einna erfiðast er að spá um tekjur af gúmmígjaldi þar sem eftirspurn eftir hjólbörðum er mjög teygín og speglast mjög af kaupgetu almennings á hverjum tíma. Tekjur af gúmmígjaldi voru stórlega vanáætlaðar í vegáætlun 1972—1975. Meðalendurnýjun var þá áætluð 18 kg á bifreið, en varð 24 kg 1972 og er áætluð um 25 kg 1973.

Í þessari spá er meðalendurnýjun áætluð 23 kg á bifreið og að hver innflutt fólksbifreið hafi 60 kg af gúmmí en hver vörubifreið 250 kg.

1.1.4. Veggjald.

Gert er ráð fyrir, að tekin verði upp innheimta veggjalds á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi skv. heimild í 12. gr. frumvarps um fjáröflun til vegagerðar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Er áætlað, að framkvæmd þessi verði með svipuðum hætti og var á Reykjanesbraut á árunum 1965—1972.

Áætlun um tekjur af veggjaldi á yfirstandandi ári er miðuð við, að innheimta þess geti hafist 1. ágúst nk., en vafasamt er, að svo geti orðið a. m. k.

á Suðurlandsvegi, þar sem engin sérstök aðstaða er fyrir hendi til slíkrar innheimtu. Á fskj. 1.1.4.—01 er nánar greint frá tekjum og gjöldum við innheimtu veggjalds.

1.1.5. Ríkisframlag.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir ríkisframlagi til vegasjóðs að upphæð 262 m.kr., en í vegáætlun fyrir árið 1975 er þessi upphæð áætluð 280 m.kr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisframlagið verði aukið um 100 m.kr. hvort árunna 1974 og 1975 með hliðsjón m. a. af þeim auknu tekjum af söluskatti, sem hækkun bensingjalds hefur í för með sér. Þá er á árunum 1976 og 1977 gert ráð fyrir, að ríkisframlagið verði í heild 500 m.kr. hvort árunna.

1.2. Sérstök lánsfjáröflun.

1.2.1. Til hraðbrauta.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 100 m.kr. lánsfjáröflun til hraðbrauta, og í vegáætlun fyrir árið 1975 er miðað við 125 m.kr. í þessu skyni.

Á árunum 1976 og 1977 er ekki gert ráð fyrir sérstakri lánsfjáröflun til hraðbrauta eins og vikið verður að hér á eftir.

1.2.2. Til annarra framkvæmda.

Hér er gert ráð fyrir 500 m.kr. lánunum til annarra vegaframkvæmda en hraðbrauta á árunum 1974—1975, en að þessi upphæð hækki í 550 m.kr. á árunum 1976—1977.

Í vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 var gert ráð fyrir verulegum lánunum til landshlutaáætlana, en sérstök lán til þeirra voru felld niður á árinu 1973, þar sem markaðar tekjur vegasjóðs voru hækkaðar sérstaklega í lok ársins 1972 til þess að mæta þessari lánsfjáröflun. Þar sem sýnt er, að markaðar tekjur vegasjóðs hrökkva eigi til, er hér gert ráð fyrir þessari lánsfjáröflun til að brúa að nokkru það bil, sem á vantar.

1.2.3. Til framkvæmda á Skeiðarársandi.

Um sl. áramót nam kostnaður við framkvæmdir á Skeiðarársandi um 528 m.kr., en lánsfjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa 330 m.kr. Var þá tekið bráðabirgðalán til greiðslu þessa kostnaðar í bili.

Á sl. hausti var áætlað, að kostnaður við framkvæmdir á Skeiðarársandi árið 1974 yrði 194 m.kr. Til greiðslu þessa kostnaðar og halla á fjáröflun vegna framkvæmdanna árið 1973 var í fjárlögum 1974 tekin upp heimild í 6. gr., lið LXVI, til útgáfu og sölu happdrættisskuldabréfa að upphæð 400 m.kr.

Sökum verðhækkana, sem orðið hafa síðan framkvæmdaáætlun á Skeiðarársandi var gerð á sl. hausti, má gera ráð fyrir, að kostnaður við framkvæmdir þar á yfirstandandi ári verði um 318 m.kr., og er þá talinn með kostnaður við byggingu brúar á Kvía í Örafum, sem áætlaður er 15 m.kr., en bygging þeirrar brúar var ekki með í upphaflegum áætlunum um framkvæmdir á Skeiðarársandi, en verður hins vegar að teljast óumflýjanleg af öryggisástæðum.

1.2.4. Til greiðslu af lánunum yfirteknum af ríkissjóði 1972.

Hér er um að ræða greiðslur vaxta og afborgana lána, sem tekin hafa verið til vegaframkvæmda. Við útreikninga er gengið út frá óbreyttri vísitölu og gengi öll árin og að ný lán tekin á vegáætlunartímabilinu verði til 10 ára.

2. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í millj. kr.)

2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlana 1973—1975.

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 í ársbyrjun 1972 voru kostnaðaráætlanir fyrir árin 1973, 1974 og 1975 miðaðar við áætlaða vísitölu framkvæmdakostnaðar í mars 1973, en þá áttu seinustu umsamdar almennar kauphækkanir í samningum frá desember 1971 að vera komnar fram.

Þegar vorið 1973 voru verðhækkanir orðnar 29—36% meiri en áætlað hafði verið, að þær yrðu í mars það ár. Var þá gripið til þess ráðs að fresta framkvæmdum í vegáætlun fyrir um 130 m.kr. eins og nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1973.

Í sambandi við endurskoðun á vegáætlun árunna 1974 og 1975 hefur verið reiknuð út vísitala framkvæmdakostnaðar í mars sl. Er þar miðað við þá kaupgreiðsluvísitölu, sem tók gildi 1. mars sl., svo og nýgerða kjarasamninga og hækkanir á efnisverði, rekstri véla og bifreiða, og aðrar hækkanir, sem vitað er um. Þá er einnig reiknuð út framkvæmdavísitala fyrir árið 1975, og þá miðað við þær kauphækkanir, sem þegar hefur verið samið um.

Framkvæmdavísitölur:

	Vegagerð	Viðhald	Brúargerð
1. Vísitala vegáætl. '73—'75 (mars '73)	1 096	1 142	1 651
2. Vísitala mars '74	2 036	2 188	3 351
3. Vísitala 1975	2 073	2 236	3 482
Hækkun 1—2	85,8%	91,6%	103,0%
Hækkun 1—3	89,1%	95,8%	110,9%

2.0.1. Frestun framkvæmda.

Gert er ráð fyrir því, að á árinu 1974 komi til framkvæmda þau verk, sem fresta varð á árinu 1973 eins og að framan greinir. Eru þær framkvæmdir þá færðar til verðlags í mars þ. á. og einnig tekið tillit til nýrra áætlana, sem fyrir liggja, og breyttra aðstæðna, sem komið hafa í ljós, eftir að vegáætlun var samin.

Þá hafa einstakar framkvæmdir í vegáætlun á árunum 1974 og 1975 verið endurskoðaðar með tilliti til breytts verðlags. Hins vegar hafa þessar áætlanir ekki verið leiðréttar með tilliti til verulegra breyttra forsenda frá upphaflegri áætlun, þar sem eðlilegt þykir, að slíkar breytingar komi sérstaklega til atvagnar við endurskoðun áætlunarinnar og við ákvörðun um frestun einstakra framkvæmda milli ára við meðferð málsins í fjárveitinganefnd.

Heildaráætlanir á liðum 2.3 og 2.5 í vegáætlun 1974 og 1975 eru gerðar á ofangreindum forsendum og sýndar á fskj. 2.0—1. Sundurliðaðar áætlanir um einstök verk, þar sem auk beinna verðbreytinga er einnig tekin með aukinn kostnaður vegna breyttra forsenda, verða til reiðu, er fjallað verður um áætlunina í fjárveitinganefnd eins og venja er.

Þrátt fyrir aukna fjáröflun, sem vikið er að í kafla I, verður eigi hjá því komist að fresta framkvæmdum fyrir um 900 m.kr. frá árinu 1974 til ársins 1975 og framkvæmdum fyrir tæpar 1 300 m.kr. frá árinu 1975 til ársins 1976. Nemur þessi frestun 1974 um 43% framkvæmda og 1975 um 45% framkvæmda. Er gert ráð fyrir, að frestun þessi skiptist hlutfallslega jafnt á hina einstöku framkvæmdaliði eins og nánar er sýnt á fskj. 2.0.—1.

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.0. Launagreiðslur.

Alls verða fastráðnir 30 starfsmenn á áætlunartímabilinu sem hér segir:

	1974	1975	1976	1977
Verkfræðingar	1	1	1	1
Tæknifræðingar	2	1	1	1
Mælingamenn	1	1	1	1
Lögfræðingar	1			
Verkstjórar	1	1		
Undirverkstjórar	1	2	2	2
Skrifstofufólk	1	2	2	2

Allir þessir starfsmenn hafa starfað hjá Vegagerðinni sem lausráðnir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma og því ekki um að ræða raunverulega útgjaldaaukningu.

Sú breyting verður nú á, að launagreiðslur verða ekki færðar upp sem sérstakur liður undir stjórn og undirbúningi, heldur verður launakostnaður nú færður á viðkomandi framkvæmdaliði. Í eftirfarandi töflu má sjá heildarlaunakostnað vegna fastráðinna starfsmanna og skiptingu hans á viðkomandi framkvæmdaliði. Launakostnaður er miðaður við þá skipan í launaflokka, er nú gildir, en eins og kunnugt er, á eftir að semja um flokkatilfærslur hjá ríkisstarfsmönnum, þannig að líklega verður einhver hækkun á þessum lið, frá því sem nú er.

	1974	1975	1976	1977
Skrifstofa — yfirstjórn	19,4	21,5	23,1	24,4
Verkfr.l. undirbún.	26,3	30,2	33,2	35,9
Umf.taln. og vegaeftirl.	1,3	1,4	1,4	1,4
Verkstjórar	20,5	23,7	25,4	26,9
Starfsm. áhaldahúsa	4,0	4,2	4,3	4,3
	71,5	81,0	87,4	92,9

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Við samningu síðustu vegáætlunar var mörkuð sú stefna að flytja umdæmisverkfræðinga út í heimahéruð. Þessi stefna er nú að mestu leyti komin í framkvæmd og er nú búið að koma upp stærri skrifstofum í Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Reyðarfirði og Selfossi. Á þessum stöðum er aðsetur umdæmisverkfræðings og einnig öll bókhaldsþjónusta fyrir viðkomandi umdæmi.

Vegna samgönguferfiðleika hefur þó reynst nauðsynlegt að hafa minni skrifstofur á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Hólmavík, Þórshöfn og Höfn í Hornafirði. Á þessum stöðum eru unnsvíf það lítil að ekki hefur þótt fært að ráða sérstakan mann til bókhaldsstarfa og því samið við banka eða sparisjóði á viðkomandi stöðum.

Þessi flutningur út í heimahéruð hefur óhjákvæmilega haft einhvern aukinn kostnað við skrifstofuhald í för með sér. Ekki er þó allur sá kostnaðarauki raunveruleg hækkun, þar sem skrifstofukostnaður hefur á sumum þessara staða verið færður á viðkomandi áhaldahús til þessa.

Frá og með 1. jan. 1974 var bókhald Vegagerðar ríkisins tekið í tölvuvinnslu. Af þeirri reynslu sem þegar hefur fengist er ljóst að af því er mikið

hagræði. Einnig mun það gefa mun fljótari og gleggri upplýsingar um stöðu hinna einstöku verkþátta og starfsemi vegagerðarinnar en hingað til.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Auk launagreiðslna fastra starfsmanna er kostnaður við verkfræðilegan undirbúning áætlaður 25.0 m.kr. fyrir árin 1974—1977. Kostnaðarliður þessi hefur lengst af verið mjög vanáætlaður og er því nú hækkaður um 5 m.kr. umfram almennar hækkanir.

2.1.3. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Fjárveiting í vegáætlun 1972—1975 er 4.0 m.kr. á árunum 1974 og 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 3.7 m.kr. á árinu 1974 og 3.9 m.kr., þannig að heildarfjárveiting verður 7.7 m.kr. á árinu 1974 og 7.9 m.kr. á árinu 1975.

Fjárveiting er miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningu að verulegu leyti. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun, með því að takmarka ofhleðslu og hlifa með því vegakerfinu. Samhliða vegaeftirlitinu hefur verið rekin upplýsingaþjónusta fyrir almenning um færð á vegum og ástand þeirra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða fyrrverandi vegaverkstjóra, sem náð hafa sjötugsaldri og hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði. Í öðru lagi ekkjur vegaverkstjóra, sem ekki höfðu aðgang að lífeyrissjóði. Og í þriðja lagi fyrrv. verkamenn, sem náð hafa sjötugsaldri, og hafa unnið hjá vegagerðinni áratugum saman, en gátu ekki hætt störfum af efnahagsástæðum.

Eftirlaun verkstjóra og verkstjóraekkna eru hér miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 15. launaflokki ríkisstarfsmanna út frá því sjónarmiði, að verkstjórnir hafa ekki greitt neitt sjálfir í lífeyrissjóð. Hins vegar fá flestir verkstjórar hjá vegagerðinni nú laun samkv. 17. launaflokki og ætti því að réttu lagi að miða eftirlaunin við þann launaflokk, en þar sem nú stendur yfir endurskoðun á röðun ríkisstarfsmanna í launaflokka, er talið rétt að láta þessa leiðréttingu bíða.

Eftirlaun fyrrv. verkamanna eru hér miðuð við 60% af fullum eftirlaunum í 11. launaflokk ríkisstarfsmanna út frá sama sjónarmiði og gildir um verkstjórana. Er gerður sami fyrirvari um leiðréttingu, þegar ný röðun ríkisstarfsmanna í launaflokka liggur fyrir.

Á sl. ári nutu 20 verkstjórar og 12 verkstjóraekkjur eftirlauna samkv. þessum lið. Af þessum 20 verkstjórum lést einn á sl. ári en 5 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 24 verkstjórar og 12 ekkjur njóta eftirlauna.

Á sl. ári nutu 6 verkamenn eftirlauna, en 8 munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 14 verkamenn njóta eftirlauna.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Allt frá því að tekin var upp gerð fjögurra ára vegáætlana, hefur fjárveitingum til viðhalds þjóðvega aðeins verið skipt á tvo liði, þ. e. viðhaldskostnað þjóðvega og vegmerkingar.

Þar sem kostnaður við vetrarviðhald, þ. e. snjósmokstur, er tekinn af óskiptri fjárveitingu til viðhaldskostnaðar þjóðvega, fer það eftir tíðarfari hvers vetrar, hve mikið fé er til ráðstöfunar til alls annars almenns viðhalds veganna. Svo sem fram

kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1973, hefur kostnaðurinn við vetrarviðhald á undanförunum 7 árum numið frá 15% upp í 22% af heildarviðhaldskostnaði. Þessar miklu sveiflur í kostnaði vetrarviðhalds hafa það í för með sér að draga verður verulega úr almennu viðhaldi veganna, þrátt fyrir sívaxandi umferð, þau ár, sem snjóþyngsli eru yfir meðallagi.

Hér við bætist, að á undanförunum árum hafa komið fram sívaxandi kröfur úr einstökum byggðarlögum um endurskoðun á snjómokstursreglum og bættri þjónustu í því sambandi og þá ekki síst vegna læknaþjónustu í dreifbýlinu. Þá leiðir af opnun hringvegarins á þessu ári, að óhjákvæmilega verður að endurskoða snjómokstursreglurnar á suðausturhluta landsins.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, er hér gerð tillaga um að skipta viðhaldskostnaði þjóðvega annars vegar í almennt viðhald og hins vegar í vetrarviðhald með það fyrir augum, að kostnaður við vetrarviðhaldið hafi ekki framvegis áhrif á almennan viðhaldskostnað veganna eins og verið hefur.

2.2.0. Áhrif verðhækkana og breytinga á snjómokstursreglum.

Fjárveiting í vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 er 400 m.kr. hvort árið að meðtaldri 5.0 m.kr. fjárveitingu til vegmerkinga.

Þegar vegáætlun fyrir árin 1972—1975 var samin, var miðað við, að vísitala vegaviðhalds hefði 1142 stig. Miðað við verðlag í mars þ. á. er gert ráð fyrir, að vísitala vegaviðhalds verði 2188 í ár og áætluð 2236 á árinu 1975 miðað við þegar umsamdar kauphækkningar. Hækkun vegna þessara verðbreytinga verður því 366 m.kr. á árinu 1974 og 383 m.kr. á árinu 1975.

Svo sem nánar greinir undir lið 2.2.2. um vetrarviðhald, er áætlað, að útgjaldaaukning á þeim lið vegna endurskoðunar á snjómokstursreglum muni nema um 20 m.kr. á árinu 1974 og um 36 m.kr. á árinu 1975. Stafar mismunurinn af því, að hinar nýju reglur munu eigi taka gildi fyrr en á hausti komanda. Lagt er því til, að heildarfjárveiting til viðhalds þjóðvega á árinu 1974 verði 786 m.kr. og 819 m.kr. á árinu 1975. Eru þá fjárveitingar í vegáætlun aðeins færðar til gildandi verðlags og bætt við áætluðum kostnaði við endurskoðun á snjómokstursreglum, en ekkert tillit tekið til þess, að fresta varð í raun verulegu viðhaldi við þjóðvegina á sl. ári vegna fjárskorts, þar sem fjárveiting til vegaviðhalds var ekki leiðrétt með tilliti til hækkaðs verðlags.

2.2.1. Almennt viðhald o. fl.

Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, mölun og hörpun efnis, viðgerðir brúa, rykbinding o. fl. Auk þess er undir þessum lið talinn kostnaður við skemmdir vegna náttúruhamfara eins og vatnavaxta o. þ. h.

Í vegáætlun 1972 til 1975 voru áætlaðar 395.0 m.kr. til viðhaldskostnaðar þjóðvega, en aukning vegna verðbreytinga er 361 m.kr. á árinu 1974 og 378 m.kr. á árinu 1975. Kostnaður af vetrarviðhaldi, sem nú er færður sérstaklega (sjá lið 2.2.2.), er áætlaður 107 m.kr. árið 1974 og 110 m.kr. árið 1975 með óbreyttum snjómokstursreglum.

Fjárveiting til þessa liðar verður því 649.0 m.kr. árið 1974 og 663.6 m.kr. árið 1975.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförunum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 75.9 m.kr. á ári miðað við verðlag 1973 þ. e. vísitölu 1550. Miðað við vísitöluna 2188 í mars í ár og 2236 árið 1975 áætlast þessi kostnaður 107 m.kr. á árinu 1974 og 110 m.kr. á árinu 1975.

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1973.

1	2	3	4	5
Ár	Vetrar- viðhald m.kr.	Vísitala viðhalds- kostn.	Kostn. á verðl. 1973 m.kr.	Hlutfalls- tala
1967	28,0	571	76,0	102,1
1968	31,9	665	74,4	100,0
1969	31,7	812	60,5	81,3
1970	47,6	902	81,8	109,9
1971	52,7	1 046	78,1	105,0
1972	55,2	1 252	68,3	91,8
1973	92,3	1 550	92,3	124,1
Meðaltal 1967—73			75,9	

Samkvæmt tillögum um breytingar á snjómokstursreglum er reiknað með, að kostnaður vegna vetrarviðhalds hækki, sem nemur 25.0 m.kr. á ári miðað við verðlag 1973, eða 35.0 m.kr. á árinu 1974. Þar sem fyrirhuguð breyting á snjómokstursreglum kemur ekki til framkvæmda fyrr en á síðari hluta ársins er hækkun á árinu áætluð 20 m.kr., en á árinu 1975 verður hún um 36 m.kr.

Heildarkostnaður vetrarviðhalds er því áætlaður 127.4 m.kr. 1974 og 145.6 m.kr. á árinu 1975.

2.2.3. Vegmerkingar.

Fjárveiting til þessa liðar var 5.0 m.kr. í vegáætlun 1972—1975, en aukning vegna verðbreytinga verður 4.6 m.kr. árið 1974 og 4.8 m.kr. á árinu 1975. Fjárveitingar verða því 9.6 m.kr. árið 1974 og 9.8 m.kr. árið 1975.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

Meginhluta þessarar fjárveitingar verður þó varið til þess að endurnýja og endurskipuleggja vegvísa við öll helstu vegamót á landinu, en sú endurskipulagning er nátengd vagnúmerakerfi, sem samþykkt var með vegáætlun 1972—1975.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.1. Hraðbrautir.

Eins og fram kemur á fskj. 2.0.—1. er kostnaður skv. nógildandi vegáætlun á árinu 1974 áætlaður 806.0 m.kr. Er þá meðtalin frestun framkvæmda frá 1973 og miðað við vísitölu vegagerðar 2036. Tillagan gerir ráð fyrir 470.0 m. kr. fjárveitingu til hraðbrauta 1974 og að mismuninum, 336.0 m. kr., sé frestað til 1975.

Kostnaður skv. nógildandi vegáætlun á árinu 1975 miðað við vísitölu 2073 er á sama hátt áætlaður 1 045.1 m. kr. og er þá meðtalin áður nefnd frestun 336.0 m. kr. frá 1974. Tillagan gerir ráð fyrir 590.0 m. kr. fjárveitingu 1975 og þá 455.1 m. kr. frestun til 1976.

Í áætluðum kostnaðartölum, sem hér eru tilgreindar, er ekki tekið tillit til breyttra forsenda við einstakar hraðbrautafarmkvæmdir, sem komið hafa í ljós síðan nógildandi vegáætlun var gerð í upphafi ársins 1972. Verða slík tilvik að koma til skoðunar, þegar sundurliðun fjárveitinga í einstök verk fer fram.

2.3.2. Þjóðbrautir.

Í vegáætlun 1972—1975 er fjárveiting til þjóðbrauta 108.5 m. kr. á árinu 1974 og 127.6 m. kr. á árinu 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 93.1 m. kr. á árinu 1974 og 113.7 m. kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum við þjóðbrautir frestað, sem nemur 20.5 m. kr., en vegna verðbreytinga hækkar sú upphæð um 17.5 m. kr. eða samtals 38.0 m. kr.

Á sl. ári var heimilað að taka lán vegna framkvæmda við þjóðbrautir, sem nemur 6.6 m. kr., og er reiknað með, að þau verði endurgreidd á þessu ári.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 246.2 m.kr. og 241.8 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögu um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 106.5 m.kr. frestað til 1975 og 154.5 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til þjóðbrauta er því 139.7 m.kr. á árinu 1974 og 193.3 m.kr. á árinu 1975.

2.3.3. Landsbrautir.

Fjárveiting í vegáætlun 1972—1975 var 119.7 m.kr. á árinu 1974 og 146.1 m.kr. á árinu 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 102.7 m.kr. á árinu 1974 og 130.2 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum við landsbrautir frestað, sem nam 32.7 m.kr., en verðbreytingar á þeirri upphæð eru 28.1 m.kr. eða samtals 60.8 m.kr.

Á sl. ári voru samþykktar lánsheimildir fyrir, sem nemur 12.0 m.kr. vegna framkvæmda við landsbrautir, og er lagt til, að þær verði endurgreiddar á þessu ári.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 295.2 m.kr. og 276.3 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögu um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 127.9 m.kr. frestað til 1975 og 179.6 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til landsbrauta verður því 167.3 m.kr. á árinu 1974 og 224.6 m.kr. á árinu 1975.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveitingar í vegáætlun 1972—1975 námu 15.2 m.kr. á árunum 1974—1975, en með verðbreytingum, sem eru 13.1 m.kr. á árinu 1974 og 13.5 m.kr. á árinu 1975, verða þessar fjárveitingar 28.3 m.kr. á árinu 1974 og 28.7 m.kr. á árinu 1975.

En auk þess er gerð tillaga um viðbótarfjárveitingu til girðinga, 15.0 m.kr. á báðum árunum, þannig að heildarfjárveitingar til þessa liðar verður 43.3 m.kr. á árinu 1974 og 43.7 m.kr. á árinu 1975. Girðingakröfur í lok ársins 1973 námu alls um 88.2 m.kr., og ætti því með þessari viðbótarfjárveitingu að nást umtalsverð leiðrétting á þessum málum.

2.3.5. Sérstakar áætlanir.

2.3.5.1. Skeiðarársandur.

Fjárveiting er miðuð við, að framkvæmdum á Skeiðarársandi verði lokið 1974, og ennfremur að byggð verði brú á Kvía sbr. lið 1.2.3.

2.3.5.2. Austurlandsáætlun.

Í vegáætlun 1974—1975 er fjárveiting Austurlandsáætlunar 75.0 m.kr. bæði árin, en aukning vegna verðbreytinga er 64.4 m.kr. á árinu 1974 og 66.9 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum frestað, sem nemur 5.1 m.kr., en vegna verðbreytinga hækkar sú upphæð um 4.4 m.kr. eða samtals 9.5 m.kr.

Vegna breyttra forsendna við jarðgöng í Oddskarði er aukning sem nemur 65.1 m.kr. á árinu 1974 og 20.0 m.kr. á árinu 1975.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 214.0 m.kr. og 161.9 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögum um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 92.7 m.kr. frestað til 1975 og 113.2 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til Austurlandsáætlunar er því 121.3 m.kr. á árinu 1974 og 141.4 m.kr. á árinu 1975.

Heildarfjárþörf til þess að ljúka Austurlandsáætlun á árunum 1976 og 1977 er 222.0 m.kr., og lagt er til, að fjárveiting verði 115.0 m.kr. 1976 og 107.0 m.kr. 1977.

2.3.5.3. Norðurlandsáætlun.

Í vegáætlun 1972—1975 er fjárveiting til Norðurlandsáætlunar 175.0 m. kr. bæði árin 1974 og 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 150.1 m.kr. á árinu 1974 og 155.9 á árinu 1975.

Heildarfjárförf á árinu 1974 er því 325.1 m.kr. og 330.9 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögum um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 140.8 m.kr. frestað til 1975 og 209.6 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til Norðurlandsáætlunar er því 184.3 m.kr. á árinu 1974 og 262.1 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1976 er tillaga til fjárveitingar 210.0 m.kr. til að ljúka framkvæmdum sem frestað er 1975. Einnig er gerð tillaga um sömu upphæð á árinu 1977.

2.3.5.4. Djúpvegur.

Nauðsynlegt fjármagn til þess að ljúka framkvæmdum við Djúpvæg á kaflanum frá Hjöllum að Eyri er um 151 m.kr. á verðlagi miðað við mars 1974.

Fjárveiting í vegáætlun fyrir árinu 1972—1975 var 25.0 m.kr. á árunum 1974 og 1975, en með breyttu verðlagi og tillögum um frestun framkvæmda, sbr. fskj. 2.0.—1., verður fjárveiting 26.4 m.kr. á árinu 1974 og 37.6 m.kr. á árinu 1975.

Miðað við að húið er að leggja fyrir Alþingi tillögu til fjáröflunar til þessa vegar með happdrættisláni, sem nemur 60.0 m.kr., er lagt til, að fjárveiting á árinu 1976 verði 30.0 m.kr.

2.3.5.5. Þingvallavegur v/þjóðhátíðar.

Á árinu 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 81.0 m.kr., sem ætluð er til endurbóta á Þingvallavegi. Fyrir fjárveitingu þessa á að endurbyggja brýr á Norðurreykjaá (Suðurá) og Köldukvísl ásamt vegakafla við þær. Ennfremur á að lagfæra veginn á nokkrum stöðum, styrkja hann með mölburði og rykbinda hann.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt kafla 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 900 kr. Fjárveiting til þeirra er á árunum 1974 og 1975 leiðrétt með tilliti til verðhækkana frá gildandi vegáætlun. Árin 1976 og 1977 er fjárveiting hækkuð um 1.6 m.kr. til viðbótar hvort áranna með tilliti til sívaxandi umferðar um aðalfjallvegina og þó sérstaklega Kjalveg og Sprengisandsleið.

2.4.2. Til annarra fjallvega:

Á árinu 1974 er þessi fjárveiting, auk leiðréttingar vegna verðbreytinga, hækkuð um 6 m.kr. til þess að mæta gefnum fyrirheitum um framlag til vegar að skíðahótelinu í Hlíðarfjalli við Akureyri, um 1 m.kr. skuldar vegna Bláfjallavegar við vega-sjóð og fyrirheits um 1 m.kr. framlag til Ferðafélags Íslands til byggingar viðbótarskála við Nýjadal á Sprengisandsleið. Árin 1975—1977 er fjárveiting hækkuð um 5 m.kr. auk verðhækkana til þess að mæta sívaxandi óskum hvaðanæva að af landinu um framlag til fjallvega.

2.4.3. Til reiðvega:

Fjárveiting þessi er hækkuð með tilliti til verðbreytinga á árunum 1974 og 1975 og örlítið til viðbótar árið 1976 og 1977.

2.5. Til brúagerða.

Eins og fram kemur í fskj. 2.0.—1. er kostnaður skv. núgildandi vegáætlun á árinu 1974 áætlaður 205.4 m.kr. Er meðtalin frestun framkvæmda frá 1973 og miðað við vísitölu brúagerða 3351. Tillagan gerir ráð fyrir 116.6 m.kr. fjárveitingu til brúagerða 1974 og að mismuninum, 88.8 m.kr., sé frestað til 1975.

Kostnaður skv. nágildandi vegáætlun á árinu 1975 miðað við vísitölu 3482 er á sama hátt áætlaður 342.0 m.kr. og er þá meðtalin áðurnefnd frestun 88.8 m.kr. frá 1974. Tillagan gerir ráð fyrir 190.2 m.kr. fjárveitingu 1975 og þá 151.8 m.kr. frestun til 1976.

Í áætluðum kostnaðartölum, sem hér eru tilgreindar, er ekki tekið tillit til breyttra forsenda við einstakar brúaframkvæmdir. Verða slík tilvik að koma til skoðunar, þegar sundurliðun fjárveitinga á einstök verk fer fram.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjöld ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. desember á hvert eins og hér segir:

1. desember 1973	157.00 kr/klst
1. desember 1974	204.00 kr/klst
1. desember 1975	210.90 kr/klst

Tekjur sýsluvegasjóðs samkvæmt 23. gr. vegalaga hafa verið um 400—500 þús. kr. á ári, en samkv. 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973 er gjald af mannvirkjum 6—7 faldað og gjald af löndum og lóðum 5 faldað. Mjög erfitt er að áætla, hve þetta gjald verður mikið, því á undanförunum árum hefur víða naumast verið talið svara kostnaði að innheimta það. Gjald þetta verður því mjög lauslega áætlað 3.0 m.kr. á ári.

Samkvæmt 5. gr. fyrrnefnds frumvarps er hreppsfélögum heimilt að tvöfalda heimaframlag, og er reiknað með, að þriðjungur hreppsfélaga nýti þessa breytingartillögu á árinu 1974, en helmingur eftir það.

Miðað við þessar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1974—1977 áætlaðar eins og hér segir:

	1974	1975	1976	1977
	Upph. í m.kr.			
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	23,1	30,1	31,0	31,0
Samkv. 23. gr. vegal.	3,0	3,0	3,0	3,0
Heimaframl. skv. breytingatill.	8,0	15,0	15,5	15,5
Ríkisframl. skv. breytingatill.	16,0	30,1	31,0	31,0
Ríkisframl. skv. 21., 23. og 26. gr.	38,0	52,1	66,2	68,0
	54,0	82,2	97,2	99,0
Heildartekjur í m.kr.	88,1	130,3	146,7	148,5

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12.5% af heildartekjum vegasjóðs. Heimilt er þó samkvæmt sömu grein að undanskilja það af tekjum vegasjóðs, sem varið er til hraðbrautafarmkvæmda, við ákvörðun á framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ákveðið er að nota téða heimild. Ef samþykkt verður sú breyting á vegalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, hækkar 10% frádráttur skv. 34. gr. vegalaga upp í 20%. Samkvæmt þessu yrði þá framlag skv. 32. gr. og frádráttur skv. 34. gr. eins og að neðan greinir:

	1974	1975	1976	1977
Framl. skv. 32. gr.	204,9	254,6	259,9	263,5
Framl. 20% skv. 34. gr.	41,0	50,9	52,0	52,7
Til skipta	163,9	203,7	207,9	210,8 m.kr.

Ibúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. desember 1972 alls 179.395. Þó að íbúafjöldi þeirra kauptúna, sem framlags skulu njóta skv. 30. gr. vegalaga, verði færð úr 300 niður í 200 íbúa, eins og lagt er til í frumvarpi til breyt. á vegalögum, þá mun það ekki auka heildaríbúafjöldann nema um 1500. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 900 kr.

Hinn 1. janúar þ. á. tók gildi ný reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, og er það endurskoðuð reglugerð nr. 44/1965 um sama efni. Heildarlengd þéttbýlisvega skv. reglugerð þessari er liðlega 100 km eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 2.3.0.—2.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 er gert ráð fyrir fjárveitingum til véla- og verkfærakaupa að upphæð 78.0 m.kr. Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla, verði eins og að undanfögnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en ekki sem fást leigðar á almennum vinnumarkaði. Má þar til nefna vélar til malarvinnslu svo og veghefla og þó sérstaklega vélar til snjóruðnings ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem tillagan gerir ráð fyrir, nær fram að ganga.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árunum 1974 og 1975 er gert ráð fyrir 21.9 m.kr. fjárveitingu sem er ætluð til að ljúka stækkun á áhaldahúsi og vélaverkstæði í Borgarnesi. Einnig er fyrirhuguð stækkun á skrifstofuhúsnæði þar, sem nemur aðstöðu fyrir umdæmisverkfræðing og annað tæknilið, en það er í samræmi við ákvörðun um að flytja umdæmisverkfræðinga og starfslið þeirra frá Reykjavík í umdæmin.

Nauðsynlegt er að stækka vélaverkstæði á Reyðarfirði og byggja nýtt áhaldahús á Hvolsvelli, en áhaldahús að Brú við Markarfljót verður lagt niður. Þá þarf að byggja nýtt áhaldahús á Hvammstanga í stað ófullnægjandi eldra húsnæðis, sem yrði selt og vélageymslu á Akureyri.

Á árunum 1976 og 1977 er lagt til, að fjárveiting á þessum lið verði hækkuð um 15 m.kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir vegamálskrifstofuna í Reykjavík. Er skrifstofan nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli. Er af þessu augljóst óhagræði og verulegur aukakostnaður í daglegum rekstri.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveitingar á þessum lið eru samkvæmt 96. gr. vegalaga $\frac{1}{2}\%$ af heildartekjum vegasjóðs ár hvert.

Er áætlað að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert hefur verið undanfarin ár.

2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun.

Þegar ljóst var á sl. vori, að verðhækkanir höfðu orðið mun meiri en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar, var horfið að því ráði að fresta framkvæmdum við vega- og brúagerð er nam alls um 130.0 m.kr. Frestun þessi var gerð innan einstakra kjördæma og það fé, sem sparaðist við frestun, var notað til þess að greiða verðhækkanir á öðrum framkvæmdum innan sama kjördæmis.

Óhjákvæmilegur halli varð þó á ýmsum bundnum greiðslum og skiptist hann í aðalatriðum þannig:

Stjórnun.....	13 m.kr.
Vanm. fjáröflun	57 m.kr.
Viðhald	49 m.kr.
Framkvæmdir	80 m.kr.
	199 m.kr.
Markaðar tekjur umfram áætlun	26 m.kr.
	Halli 1973 173 m.kr.

Samandreginn halli á vegáætlun árin 1970—1973 skiptist þannig, talið í heilum m.kr.

Halli 1970—'71	60 m.kr.
Halli 1972	34 m.kr.
Halli 1973	173 m.kr.
	Samtals 267 m.kr.

Gert er ráð fyrir, að þessi halli verði greiddur niður á þremur árum.

3. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. grein vegalaga, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfu vegakerfinu, þ. e. a. s. einstaka vegir hafa styst eða lengst, eftir því sem bæir hafa farið í eyði eða verið byggðir að nýju.

Um leið og þessi flokkun var gerð, voru og felldir niður nokkrir ólagðir vegir, sem fyrirsjáanlegt var, að ekki hlytu fjárveitingar í náinni framtíð.

Leitaði vegamálastjóri álits þingmanna allra kjördæma á breytingum þessum, og hlutu þær flestar stuðning þeirra.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.1—3 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta eins og þær voru á síðasta áætlunartímabili miðað við kjördæmi og eins og þær verða samkvæmt þessari tillögu. Við upptalningu hinna einstöku vega hefur verið stuðst við vegnúmerakerfi, sem samþykkt var í vegáætlun 1972—1975.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokk.

3.2.1. Hraðbrautir A og B:

Á undanförnum árum hefur talning umferðar verið framkvæmd á fjölmörgum vegum. Þær upplýsingar, sem með því móti hafa fengist, benda til þess, að nokkrir vegir eiga að koma í hraðbrautaflokk umfram þá, sem taldir voru í vegáætlun fyrir 1972—1975 samkvæmt skilgreiningu í 12. gr. vegalaga. Samkvæmt meðfylgjandi töflu nr. 2.3.1.—01 eru hraðbrautir samkvæmt tillögu þessari 616,8 km, en voru 398,7 km samkvæmt fyrri vegáætlun.

3.2.2. Þjóðbrautir:

Helstu breytingar á þjóðbrautum frá vegáætlun 1972—1975 eru þær, að Norðurlandsvegur liggur nú um Víkurskarð, en ekki Vaðlaheiði, eins og áður var, Norðausturvegur er nú þjóðbraut frá Vopnafjarðarkauptúni um Hofsdal og Vopnafjarðarheiði á Austurlandsveg, en vegur um Hellisheiði og Jökulsárhlið verður landsbraut og Austurlandsvegur frá Höfn að sýslumörkum á Skeiðarársandi og Suðurlands-

vegur frá fyrrnefndum sýslumörkum að Vík í Mýrdal er nú þjóðbraut, en var áður landsbraut.

3.3. Aðalfjallvegir:

Aðalfjallvegir eru taldir sömu og í vegáætlun 1972—1975.

Fskj. 1.0.0.—01.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1974—1977
 miðað við óbreytta gjaldstofna
 (Upphæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
Innflutningsgjald	977,1	1 047,2	1 112,4	1 180,5
Þungaskattur	296,3	313,6	331,7	350,9
Gúmmígjald	89,7	95,1	100,4	105,9
Tekjur brúttó	1 363,1	1 455,9	1 544,5	1 637,3
Endurgr. innfl.gj.	16,0	16,0	16,0	16,0
Endurgr. þungask.	2,0	2,2	2,5	2,7
Tekjur nettó	1 345,1	1 437,7	1 526,0	1 618,6

Fskj. 1.01.—01.

Bifreiðar alls pr. 1/7 ár hvert.

Ár	Fólksbifr. 1/7	Fólksbifr. pr. 1 000 íbúa	Alm.bifr. 1/7	Vörubifr. 1/7	Bifreiðar alls 1/7
1962	17 785	97,7	373	6 235	24 393
1963	20 579	111,2	401	6 376	27 356
1964	23 785	125,8	412	6 378	30 575
1965	26 781	139,5	431	6 230	30 442
1966	30 425	156,0	456	6 239	37 120
1967	34 003	171,7	483	6 212	40 698
1968	36 250	180,3	530	6 082	42 862
1969	37 157	183,0	557	5 878	43 592
1970	39 045	191,4	561	5 688	45 294
1971	43 433	210,8	612	5 705	49 750
1972	48 286	231,0	680	5 805	54 771
SPÁ					
1973	53 000	250	722	5 966	59 688
1974	56 975	265	761	6 217	63 953
1975	61 320	280	805	6 382	68 507
1976	65 562	294	854	6 485	72 901
1977	69 916	308	906	6 662	77 484
1978	74 382	322	965	6 856	82 203
1979	78 624	336	1 032	7 046	86 702
1980	83 062	349	1 096	7 254	91 412
1981	87 362	361	1 159	7 487	96 008
1982	91 758	373	1 226	7 724	100 708
1983	96 000	384	1 299	7 957	105 256
1984	100 076	394	1 378	8 187	109 641
1985	104 636	404	1 448	8 461	114 545

Fskj. 1.0.0.—02.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1974—1977.
(Upphæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
Innflutningagjald	1 212,5	1 574,6	1 690,5	1 794,0
Pungaskattur	356,7	374,9	396,7	420,0
Gúmmigjald	89,7	95,1	100,4	105,9
Tekjur brúttó	1 658,9	2 044,6	2 187,6	2 319,9
Endurgr. innfl.gj.	16,0	22,0	24,3	24,3
Endurgr. þungaskattur	2,0	2,8	3,5	3,8
Tekjur nettó	1 640,9	2 019,8	2 159,8	2 291,8
Tekjur miðað við óbr. gjaldstofna	1 345,1	1 437,7	1 526,0	1 618,6
Mismunur	295,8	582,1	633,8	673,2

Fskj. 1.1.1.—01.

Innflutningsgjald af bensíni.

Ár	Fjöldi bensín-bifr. 1/7	Meðal eyðsla ltr./tekjuár	Bensín notkun m.ltr.	Brúttó tekjur m.kr.	Endurgreiddsla m.kr.
Óbr. gjaldstofn:					
1974	56 760	1 745	99,0	977,1	16,0
1975	60 820	1 745	106,1	1 047,2	16,0
1976	64 760	1 740	112,7	1 112,4	16,0
1977	68 760	1 740	119,6	1 180,5	16,0
Gjaldst. skv. frumvarpi:					
1974	56 760	1 745	99,0	1 212,5	16,0
1975	60 820	1 745	106,1	1 574,6	22,0
1976	64 760	1 740	112,7	1 690,5	24,3
1977	68 760	1 740	119,6	1 794,0	24,3

Fskj. 1.1.2.—01.

Áætlaðar tekjur vegna þungaskatts.

Ár	Bensín bifr. m.kr.	Diesil bifr.árgj. m.kr.	Diesil bifr.km.gj. m.kr.	Tekjur brúttó m.kr.	Endur- greiðslur m.kr.	Tekjur nettó m.kr.
Miðað við óbr. gjaldstofn:						
1974	46,6	94,2	155,5	296,3	2,0	294,3
1975	49,2	99,6	164,8	313,6	2,2	311,4
1976	51,9	105,1	174,7	331,7	2,5	329,2
1977	54,7	111,0	185,2	350,9	2,7	348,2
Gjaldst. skv. frumvarpi:						
1974	46,6	120,5	189,6	356,7	2,0	354,7
1975	0,0	141,2	233,7	374,9	2,8	372,1
1976	0,0	149,0	247,7	396,7	3,5	393,2
1977	0,0	157,4	262,6	420,0	3,8	416,2

Fskj. 1.1.3.—01.

Áætlaðar tekjur af gúmmígjaldi.

Ár	Innfl. fólksbifr.	Innfl. vörubifr.	Bifr. alls 1/7	Gúmmí alls tn.	Gúmmígjöld 45 kr/kg. m.kr.
1974	6 460	540	63 950	1 993,5	89,7
1975	6 660	555	68 500	2 113,9	95,1
1976	6 870	570	72 900	2 231,4	100,4
1977	7 080	585	77 500	2 353,6	105,9

Fskj. 1.1.4.—01.

**Áætlaðar tekjur af veggjaldi á Reykjanesbraut
og Suðurlandsvegi 1974—1977.**

I. Inngangur.

Fyrirhugað er að veggjaldsinnheimtan á Reykjanesbraut verði eins og áður við Straum, en að staðsetning skýlisins á Suðurlandsvegi verði rétt vestan við Hveragerði og veggjaldið miðað við lengdina Höfðabakki—Selfoss.

Áætlað er að veggjaldsinnheimtan hefjist 1. ágúst 1974. Má gera ráð fyrir að innheimta náist það árið á um 42% ársumferðar.

II. Upphæð veggjalds.

Við ákvörðun um upphæð veggjalds er rekstrarkostnaður bifreiða á bundnu slitlagi borinn saman við kostnað á fullgóðum malarvegi. Gjaldið er síðan ákveðið sem þriðjungur þess sparnaðar, sem vegfarendur njóta af því að keyra á bundnu slitlagi.

Miðað við framangreindar forsendur er $\frac{1}{3}$ sparnaður á km, áætlaður kr. 1.20 fyrir fólksbifreiðar í flokki I og kr. 4.50 fyrir vörubifreiðar fl. IV. Reiknað er með að innheimt verði aðra leiðina og því greitt fyrir háðar leiðir í einu, ennfremur er reiknað með sömu hlutföllum milli gjaldflokka og var á Reykjanesbraut.

Í eftirfarandi töflu er sýnd upphæð gjalds fyrir hina einstöku gjaldflokka.

	Fl. I.	Fl. II.	Fl. III.	Fl. IV.	Fl. V.
Reykjanesbr. (1:75 km)	90	115	255	340	510
Suðurl.v. (1:98 km)	120	150	330	440	660

III. Umferð.

Við áætlun um umferð er byggt á talningum frá árinu 1973. Gert er ráð fyrir að um gjaldskýlið við Straum fari um 545 þús. bifreiðar í aðra áttina árið 1974, en 307 þús. bifreiðar um Hellisheiði og að umferðaraukning milli ára verði 6%.

Við áætlun um skiptingu bifreiða í gjaldflokka er byggt á reynslutölum frá Reykjanesbraut.

IV. Innheimtukostnaður.

Reiknað er með að 5 fasta starfsmenn þurfi til að sjá um innheimtu við hvort skýli, auk 3/4 manns til afleysinga vegna sumarfría og veikinda. Til að sjá um uppgjör og eftirlit er áætlað að þurfi 1/2 mann fyrir bæði skýlin.

Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er kostnaður við að reisa skýli og koma upp aðstöðu fyrir veggjaldsinnheimtu áætlaður 3.0 m.kr. auk þessa er stofnkostnaður við miðasöluvélar og reiknivélar áætlaður um 400 þús. kr.

V. Tekjur.

Miðað við framangreindar forsendur um umferð og upphæð veggjalds eru tekjur árin 1974—1977 sýndar í töflu hér á eftir. (Upph. í m.kr.)

Ár	Reykjanesbraut			Suðurlandsvegur			Samtals
	Tekjur brúttó	Innh. kostn.	Tekjur nettó	Tekjur brúttó	Innh. brúttó	Tekjur nettó	
1974	27,0	4,2 ¹⁾	22,8	19,2	5,2 ²⁾	14,0	36,8
1975	67,2	6,4	60,8	47,8	6,4	41,4	102,2
1976	71,3	6,5	64,8	51,0	6,5	44,5	109,3
1977	75,4	6,5	68,9	53,4	6,5	46,9	115,8

1) Stofnkostnaður 1,2 m.kr.

2) Stofnkostnaður 2,2 m.kr.

Fskj. 2.0.—1.

VEGÁÆTLUN 1974—1977.

Tillaga að frestun framkvæmda.

	Vegáætlun 1974				Vegáætlun 1975				Vegáætlun 1976 og '77			
	Kostn. skv. vegáætl.	Frestun til '75	Vegáætl. 1974	Frestun frá '74	Kostn. skv. vegáætl.	Samtals	Frestun til '76	Vegáætl. 1975	Frestun til '76	Vegáætl. 1976	Vegáætl. 1977	
2.1. Stjórn og undirbúningur	121,2	0,0	121,2	0,0	128,2	128,2	0,0	128,2	0,0	132,5	135,8	
2.2. Viðhald þjóðvega	786,0	0,0	786,0	0,0	819,0	819,0	0,0	819,0	0,0	819,0	819,0	
2.3. Til nýrra þjóðvega												
1. Hraðbrautir	806,0	336,0	470,0	336,0	709,1	1 045,1	455,1	590,0	455,1	690,0	800,0	
2. Þjóðbrautir	246,2	106,5	139,7	106,5	241,3	347,8	154,5	193,3	154,5	236,0	300,0	
3. Landsbrautir	295,2	127,9	167,3	127,9	276,3	404,2	179,6	224,6	179,6	273,6	339,8	
4. Girðingar og uppgræðsla	43,3	0,0	43,3	0,0	43,7	43,7	0,0	43,7	0,0	45,0	45,0	
5. Sérstakar áætlanir												
1. Skeiðarársandur	400,0	0,0	400,0	0,0	116,0	116,0	0,0	116,0	0,0	0,0	0,0	
2. Austurlandsáætlun	214,0	92,7	121,3	92,7	161,9	254,6	113,2	141,4	113,2	115,0	107,0	
3. Norðurlandsáætlun	325,1	140,8	184,3	140,8	330,9	471,7	209,6	262,1	209,6	210,0	210,0	
4. Djúpvegur	46,5	20,1	26,4	20,1	47,4	67,5	29,9	37,6	29,9	30,0	0,0	
5. Þingvallavegur v/þjóðhátíðar	81,0	0,0	81,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
6. Til greiðslu vaxta og afb. af lánum	423,0	0,0	423,0	0,0	546,0	546,0	0,0	546,0	0,0	634,0	726,0	
2.4. Til fjallvega o. fl.	17,9	0,0	17,9	0,0	16,3	16,3	0,0	16,3	0,0	18,0	18,0	
2.5. Til brúgerða	205,4	88,8	116,6	88,8	253,2	342,0	151,8	190,2	151,8	232,0	259,0	
2.6. Til sýsluvega	54,0	0,0	54,0	0,0	82,2	82,2	0,0	82,2	0,0	97,2	99,0	
2.7. Til vegna í kaupst. og kaupst.			204,9	0,0				254,6		259,9	263,5	
2.8. Til véla- og áhaldakaupa	28,6	0,0	28,6	0,0	31,3	31,3	0,0	31,3	0,0	47,0	47,0	
2.9. Til tilrauna	10,2	0,0	10,2	0,0	12,5	12,5	0,0	12,5	0,0	13,9	14,5	
2.10. Til greiðslu halla	67,0	0,0	67,0	0,0	100,0	100,0	0,0	100,0	0,0	100,0	0,0	
Tekjur skv. áætlun	912,8	3 462,7	912,8	912,8	1 293,7	3 789,0	1 293,7	3 789,0	1 293,7	3 953,1	4 183,6	
		3 462,7				3 953,1		3 953,1		4 183,6		

Fskj. 2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. jan. 1974.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjörd.	11,7	159,7	305,3	1 117,5	1 594,2
Reykjaneskjörd.	53,9	161,2	9,8	199,6	424,5
Vesturlandskjörd.	7,8	101,1	440,3	847,6	1 396,8
Vestfjarðakjörd.	13,9	8,2	404,1	887,8	1 314,0
Norðurlandskjörd. vestra	9,0	129,4	220,8	775,7	1 134,9
Norðurlandskjörd. eystra	9,5	49,4	532,7	673,5	1 265,1
Austurlandskjörd.	18,3	7,8	694,0	756,8	1 476,9
Samtals	124,1	616,8	2 607,0	5 258,5	8 606,4

Fskj. 2.3.0.—02.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1972 og 1974.

	1. janúar 1972			1. janúar 1974
	Vegir með malarslitlagi km	Vegir með varanl. slitl. km	Vegir alls km	Vegir alls km
Suðurlandskjördæmi	6,4	3,8	10,2	11,7
Reykjaneskjördæmi og Rvík	8,2	23,4	31,6	53,9
Vesturlandskjördæmi	5,8	1,5	7,3	7,8
Vestfjarðakjördæmi	12,9	1,1	14,0	13,9
Norðurlandskjördæmi vestra	5,8	2,5	8,3	9,0
Norðurlandskjördæmi eystra	10,2	2,1	12,3	9,5
Austurlandskjördæmi	13,3	1,8	15,1	18,3
Samtals	62,6	36,2	98,8	124,1

Ekki hefur unnist tími til að kanna ástand þjóðvega í þéttbýli eftir breytingu á reglugerð í des. 1973.

Fskj. 2.3.1.—01.

Hraðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972	1. jan. 1974	
	Alls km	Ekki akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	83,4	14,0	159,7
Reykjaneskjördæmi	168,4	8,2	161,2
Vesturlandskjördæmi	113,1	7,3	101,1
Vestfjarðakjördæmi	5,1		8,2
Norðurlandskjördæmi vestra			129,4
Norðurlandskjördæmi eystra	26,4		49,4
Austurlandskjördæmi	2,3		7,8
	398,7	29,5	616,8

Fskj. 2.3.2.—01.

Þjóðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972			1. jan. 1974		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	12,0	215,3	227,3		305,3	305,3
Reykjaneskjördæmi		23,9	23,9		9,8	9,8
Vesturlandskjördæmi		382,2	382,2		440,3	440,3
Vestfjarðakjördæmi		479,5	479,5	10,0	394,1	404,1
Norðurlandskjördæmi vestra		351,0	351,0		220,8	220,8
Norðurlandskjördæmi eystra		540,0	540,0	13,0	519,7	532,7
Austurlandskjördæmi		661,9	661,9		694,0	694,0
Samtals	12,0	2 653,8	2 665,8	23,0	2 584,0	2 607,0

Fskj. 2.3.3.—01.

Landsbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972			1. jan. 1974		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	54,4	1 159,3	1 213,7	27,5	1 090,0	1 117,5
Reykjaneskjördæmi	7,3	176,2	183,5		199,6	199,6
Vesturlandskjördæmi	48,9	865,3	914,2	38,3	809,3	847,6
Vestfjarðakjördæmi	62,4	731,6	794,0	23,3	864,5	887,8
Norðurlandskjördæmi vestra	65,1	696,9	762,0	35,9	739,8	775,7
Norðurlandskjördæmi eystra	8,5	670,5	679,0	8,8	664,7	673,5
Austurlandskjördæmi	40,5	761,7	802,2	16,5	740,3	756,8
Samtals	287,1	5 061,5	5 348,6	150,3	5 108,2	5 258,5

Fskj. 2.5.—01.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

Kjördæmi	1. jan. 1972		1. apríl 1974	
	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	7	9	6	4
Reykjaneskjördæmi	1	1	0	1
Vesturlandskjördæmi	1	1	1	2
Vestfjarðakjördæmi	3	5	2	3
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	3	5
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	3	1
Austurlandskjördæmi	15	8	13	3
Alls	31	29	28	19

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02.

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

Kjördæmi	1. jan. 1972		1. apríl 1974	
	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	1	1	0	1
Reykjaneskjördæmi	1	4	1	2
Vesturlandskjördæmi	5	4	2	5
Vestfjarðakjördæmi	12	2	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	2	5	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	1	2
Austurlandskjördæmi	20	11	19	11
Alls	43	28	37	27

Fskj. 2.5.—03.

Aldur brúa, 10 m og lengri.

Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900—1909		1		1	Mannþröng: 400 kg/m ²
1910—1919		0	24	24	Mannþröng: 400 kg/m ²
1920—1929		6	51	57	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1930—1939		17	88	105	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1940—1949		36	82	118	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	4	76	166	246	Vagn 20—34 tonn
1960—1969		79	97	176	Vagn 20—34 tonn
1970—1973		26	48	74	Vagn 20—34 tonn
Alls	4	241	556	801	

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. jan. 1974.

	Samkv. a—c lið 19. gr.				Skv. d—e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km		
Vestur-Skaftafellssýsla		38,0	62,7	100,7	2,8	103,5
Rangárvallasýsla		27,6	157,0	184,6	63,3	247,9
Árnessýsla		24,6	173,3	197,9	22,0	219,9
						571,3
Gullbringusýsla			14,0	14,0	4,7	18,7
Kjósarsýsla		11,1	33,7	49,8	11,1	60,9
						79,6
Borgarfjarðarsýsla		5,5	51,5	57,0	5,6	82,6
Mýrasýsla	2,0	18,3	105,2	125,5	18,9	144,4
Snæf. og Hnappadalssýsla	1,6	20,7	88,8	111,1	40,8	151,9
Dalassýsla	3,0	24,5	35,7	63,2	11,4	74,6
						433,5
Austur-Barðastrandarsýsla		28,7	16,1	44,8	45,6	90,4
Vestur-Barðastrandarsýsla		14,6	34,8	49,4	27,6	77,0
Vestur-Ísafjarðarsýsla		47,7	13,5	61,2	47,4	108,6
Norður-Ísafjarðarsýsla		7,2	32,9	40,1	26,5	66,6
Strandasýsla		20,0	40,9	60,9	78,2	139,1
						481,7
Vestur-Húnavatnssýsla	0,6	18,8	104,7	124,1	33,4	157,5
Austur-Húnavatnssýsla	1,5	26,1	71,1	98,7	19,7	118,4
Skagafjarðarsýsla	9,1	45,1	107,3	161,5	1,7	163,2
						439,1
Eyafjarðarsýsla	0,3	10,1	79,2	89,6	2,1	91,7
Suður-Þingeyjarsýsla		68,0	78,1	146,1	7,0	153,1
Norður-Þingeyjarsýsla	6,0	90,0	86,1	182,1	0,2	182,3
						427,1
Norður-Múlasýsla	5,2	124,2	108,1	237,5	25,3	262,8
Suður-Múlasýsla	0,4	52,8	71,1	124,3	25,3	149,6
Austur-Skaftafellssýsla		21,3	37,9	59,2	22,7	81,9
						494,3

LIÐURIT 1

